



Reykjavík, 14. apríl 2021

**Efni: Umsögn SAF- Samtaka ferðaþjónustunnar um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (byggingarstarfsemi, almenningsamgöngur o.fl.)**

Hinn 31. mars sl. birti fjármála- og efnahagsráðuneytið drög að frumvarpi um breytingu á lögum um virðisaukaskatt á samráðsgátt stjórnvalda, island.is. Í kynningu um frumvarpið er meginefni frumvarpsins í níu liðum. Umsögn SAF mun fjalla um tvo liði;

- frumvarpið mun kveða verði um á skattskyldu aðkeyprar akstursþjónustu verktaka við fólksflutninga vegna almenningsamganga o.fl.
- einnig lið 2. sem er á tímabilinu 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2024 skuli endurgreiða ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra, eða félögum sem alfarið eru í þeirra eigu, 50% þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna aðkeyprar akstursþjónustu er varðar almenningsamgöngur, skipulagða ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra og skipulagðan flutning skólabarna sem veitt er innan sama tímabils.

SAF fagna þeirri breytingu sem boðuð er í 1. og 9. gr. frumvarpsins. Með 1. gr. er verið að kveða á um að akstursþjónusta verktaka við fólksflutninga samkvæmt tölulíðnum verði skattskyld. Með breytingunni mun verktaka vegna fólksflutninga í almenningsamgöngum, skipulagðri ferðaþjónustu fatlaðs fólks, aldraðra og skipulagðs flutnings skólabarna verða skattskyld hvort sem notuð er bifreið þess sem hefur með höndum hina undanþegnu starfsemi eða ekki. Er það í samræmi við það sem SAF hafa sett fram áður í umsögnum sínum til stjórnvalda. SAF telja að þessar breytingar ættu að draga úr flækjum í virðisaukaskattsskilum rekstraraðila fólksflutningaþjónustu og jafnframt stuðla að því að samkeppnisstaða þeirra verði sem jöfnust í skattalegu tilliti.

Samtökin benda á mikilvægi þess að samhliða boðuðum breytingum verði veitt heimild til leiðréttingar á innskatti á lausafjármunum og mannvirkjum með sama hætti og gert var þegar rekstur hópbifreiða í tengslum við ferðaþjónustu varð vsk. skyldur og fram kom í 6 grein reglugerðar 1237/2015. Í því samhengi er vert að minnast á að almenningsvagnar eru að jafnaði með lengri líftíma en hópbifreiðar og því þarf leiðréttingahlutfall vegna innskatts að vera lægra.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*

*Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri*